

ÍBÚÐ B


Íbúð: 76 m² / Geymsla: 6 m²

Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar flísalagðar svalir með svalaskjóli. Allar innréttingar eru úr eik. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinrétting, tvískiptur ísskápur (kælir og frystir), eldavél með keramik helluborði, gufugleypir, blástursbakaraofn í borðhæð og uppþvottavél. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er eikarparket nema á baðherbergi þar er öryggisdúkur með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði. Veggir á baðherbergi eru dúklagðir. Salerni er upphengt með stuðnings-

höldum og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og barkalausum þurrkara. Í svefnherbergi og forstofu eru fataskápar. Sólbekkir eru í gluggum. Rennihurðir úr eik eru inn á baðherbergi og svefnherbergi. Innfeld halogenlýsing er í loftum nema á baði þar er ljóskúpull og ljósstæði er undir efri skápum í eldhúsinréttingu. Geymsla, hjóla- og rafskutlugeymsla er á jarðhæð ásamt sameiginlegu þvottahúsi og samkomusal. Allar íbúðirnar eru búnar myndavéladyrasíma.

BOÐAÞING 22

Hæð í húsi	Íbúð númer
1. hæð	101
2. hæð	205
3. hæð	305
4. hæð	405
5. hæð	505



BOÐAÞING 22

BOÐAÞING 24



Naustavör er
dótturfélag
Sjómannaágræðs

NAUSTAVÖR

Öryggi | afþreying | þjónusta

sími: 585 9300 netfang: naustavor@naustavor.is
www.naustavor.is www.slettan.is